# Háskólinn á Bifröst

Ársreikningur

# 2011

Háskólinn á Bifröst
Bifröst
311 Borgarnes
kt. 550269-0239

# Háskólinn á Bifröst

## Ársreikningur

# 2011

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-13 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Háskólans á Bifröst.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Háskólans á Bifröst fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 7. maí 2012

**Deloitte ehf.**

Birkir Leósson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Háskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 63/2006 um háskóla. Tap Háskólans á Bifröst á árinu 2011 nam kr 17.142.050. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir háskólans kr. 515.931.651, bókfært eigið fé í árslok er kr. 84.414.556 og er eiginfjárhlutfall 16%.

Á árinu 2011 var stofnfé háskólans aukið um kr. 35.105.022. Auk þess hefur Borgarbyggð skuldbundið sig, að leggja til háskólans nýtt stofnfé að fjárhæð kr. 30.000.00 sem greiðist með jöfnum greiðslum á árinum 2012, 2013 og 2014.

Að áliti Háskólastjórnar og Rektors Háskólans á Bifröst koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu háskólans í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Háskólastjórn og Rektor Háskólans á Bifröst staðfesta hér með ársreikning háskólans fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2012

**Háskólastjórn**

Guðsteinn Einarsson

Ásbjörn Gíslason

Ástráður Haraldsson

Ómar Valdimarsson

Óli H. Þórðarson

**Rektor**

Bryndís Hlöðversdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Ríkisframlag | | 313.500.000 | 334.100.000 |
| Skólagjöld | | 304.042.792 | 315.283.279 |
| Rannsóknartekjur | | 34.600.410 | 12.452.502 |
| Aðrar tekjur | | 84.981.023 | 106.461.730 |
| **Tekjur samtals** | | 737.124.225 | 768.297.511 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | (479.917.423) | (521.825.004) |
| Húsnæðiskostnaður | | (58.994.493) | (71.468.737) |
| Rekstur tölvukerfa | | (36.502.286) | (30.645.931) |
| Skrifstofu- og kennslukostnaður | | (27.866.550) | (42.443.714) |
| Kynningarmál | | (26.183.941) | (22.720.185) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (60.791.389) | (113.904.084) |
| **Gjöld samtals** | | (690.256.082) | (803.007.655) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir** | | 46.868.143 | (34.710.144) |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | (20.462.521) | (21.014.241) |
| **Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 26.405.622 | (55.724.385) |
| Fjármunatekjur | 5 | 6.212.848 | 12.587.570 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (49.760.520) | (34.842.896) |
| Hagnaður (tap) fyrir óreglulega liði | | (17.142.050) | (77.979.711) |
| Virðisbreyting fjáreigna | | 0 | (1.500.000) |
| **Tap ársins** | | (17.142.050) | (79.479.711) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 415.289.999 | 423.342.669 |
| Fjárfestingarverðbréf | 8 | 650.000 | 650.000 |
| | | 415.939.999 | 423.992.669 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 9 | 795.192 | 3.837.041 |
| Viðskiptakröfur | 10 | 68.142.003 | 58.262.630 |
| Kröfur á tengd félög | 10 | 13.123.620 | 10.955.295 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 2.653.088 | 3.244.976 |
| Handbært fé | 10 | 15.277.750 | 5.458.190 |
| | | 99.991.653 | 81.758.132 |
| **Eignir** | | 515.931.651 | 505.750.801 |
| **Eigið fé og skuldir** | 11 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 84.414.556 | 66.451.583 |
| **Eigið fé** | | 84.414.556 | 66.451.583 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Langtímaskuldir | 12 | 329.799.708 | 232.750.311 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 0 | 45.137.477 |
| | | 329.799.708 | 277.887.788 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 13 | 40.906.386 | 77.606.795 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 28.124.661 | 23.539.504 |
| Skuld við tengd félög | 13 | 13.951.375 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 13 | 18.734.965 | 60.265.131 |
| | | 101.717.387 | 161.411.430 |
| **Skuldir** | | 431.517.095 | 439.299.218 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 515.931.651 | 505.750.801 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | | (17.142.050) | (79.479.711) |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðsstreymi** | | | |
| Afskriftir | 7 | 20.462.521 | 21.014.241 |
| Verðbreytingar og gengismunur | | 12.521.443 | (13.265) |
| Breyting skuldbindinga | | (13.248.655) | (18.885.037) |
| Söluhagnaður varanlegra rekstarfjármuna | | (890.000) | 0 |
| Virðisrýrnun eigna | 8 | 0 | 1.500.000 |
| Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 1.703.259 | (75.863.772) |
| Vörubirgðir (hækkun) lækkun | | 3.041.849 | 0 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (9.287.485) | 13.002.511 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | (76.044.629) | 72.945.549 |
| **Handbært fé (til), frá rekstri** | | (80.587.006) | 10.084.288 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (11.519.851) | (11.405.115) |
| | | (11.519.851) | (11.405.115) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (34.871.656) | (8.028.725) |
| Innborgað stofnfé | 11 | 35.015.023 | 0 |
| Nýjar langtímaskuldir | | 90.000.000 | 2.076.394 |
| Hækkun (lækkun) á stöðum við tengda aðila | | 11.783.050 | 699.926 |
| | | 101.926.417 | (5.252.405) |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 9.819.560 | (6.573.232) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 5.458.190 | 12.031.424 |
| Handbært fé í lok árs | | 15.277.750 | 5.458.190 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Háskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og samkvæmt lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Háskólinn á Bifröst er menntastofnun sem menntar nemendur í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi í viðskiptafræði, lögfræði, félags- og hagvísindum. Háskólinn rekur einnig frumgreinadeild á framhaldsskólastigi. Háskólinn á Bifröst vinnur að rannsóknar - og þróunarverkefnum í þeim háskólagreinum sem kenndar eru við skólann með áherslu á samstarf við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir hér á landi og erlendis.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Háskólans á Bifröst fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur Háskólans á Bifröst eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við lög um tekjuskatt. Fyrningargrunnur lausafjár telst stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum en fyrningargrunnur fasteigna og annarra eigna telst stofnverð þeirra. Afskriftir af eignum keyptum á árinu eru reiknaðar miðað við ársafskrift en ekki eru reiknaðar afskriftir af eignum seldum á árinu.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Breytt var um innheimtuferli hjá félaginu á árinu 2007 og eru greiðsluseðlar vegna skólagjalda sendir út fyrir hverja önn í upphafi hennar. Þetta gerir það að verkum að skólagjöld lotast á rétt tímabil og enginn fyrirfram greidd skólagjöld innheimtast í árslok

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 281.905.276 | 307.306.641 |
| Verktakar | 91.521.549 | 99.147.133 |
| Lífeyrissjóður | 26.779.097 | 28.678.019 |
| Önnur launatengd gjöld | 57.910.316 | 63.801.331 |
| Annar starfsmannakostnaður | 21.801.185 | 22.891.880 |
| | 479.917.423 | 521.825.004 |
| | | |
| Stöðugildi að meðaltali | 52 | 55 |

## 5. Fjármunatekjur

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 6.164.147 | 6.765.253 |
| Gengishagnaður | 48.701 | 5.822.317 |
| | 6.212.848 | 12.587.570 |

## 6. Fjármagnsgjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (3.559.802) | (689.100) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (26.966.274) | (19.282.768) |
| Gengistap | (1.238.786) | 0 |
| Dráttarvaxtagjöld | (10.037.190) | (10.092.792) |
| Önnur vaxtagjöld | (7.958.468) | (4.778.236) |
| | (49.760.520) | (34.842.896) |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir | Baðsvæði | Áhöld, tæki og hugbúnaður | Bækur á bókasafni | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 399.522.074 | 7.128.064 | 57.255.749 | 17.942.603 | 481.848.490 |
| Sérstakt endurmat | | | | | 0 |
| Eignfært á árinu | 0 | | 12.022.905 | 2.996.946 | 15.019.851 |
| Selt og aflagt á árinu | | | (3.480.000) | 0 | (3.480.000) |
| Endurflokkun rekstrarfjármuna | | | | | 0 |
| Staða í árslok | 399.522.074 | 7.128.064 | 65.798.654 | 20.939.549 | 493.388.341 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 24.584.561 | 2.921.761 | 29.205.267 | 1.794.232 | 58.505.821 |
| Afskrift ársins | 9.244.090 | 482.329 | 8.767.045 | 1.969.057 | 20.462.521 |
| Virðisrýrnun | | | | | 0 |
| Selt og aflagt á árinu | | | (870.000) | 0 | (870.000) |
| Staða í árslok | 33.828.651 | 3.404.090 | 37.102.312 | 3.763.289 | 78.098.342 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 374.937.513 | 4.206.303 | 28.050.482 | 16.148.371 | 423.342.669 |
| Bókfært verð í árslok | 365.693.423 | 3.723.974 | 28.696.342 | 17.176.260 | 415.289.999 |
| Afskriftarhlutföll | 1-10% | 3-15% | 15-35% | 0% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 301.573.000 | 1.138.551.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | 0 | 476.535.000 |

## 8. Fjárfestingaverðbréf

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 650.000 | 650.000 |
| | 650.000 | 650.000 |
| Staða í ársbyrjun | 650.000 | 2.150.000 |
| Keypt á árinu | 0 | 0 |
| Selt á árinu | 0 | 0 |
| Söluhagnaður | 0 | 0 |
| Virðisrýrnun | 0 | (1.500.000) |
| Staða í árslok | 650.000 | 650.000 |

## 8. Fjárfestingaverðbréf (framhald)

**Eignarhlutar í öðrum félögum skiptist á eftirfarandi hátt:**

| | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. | 250.000 | 250.000 |
| Bifur ehf. | 1.500.000 | 0 |
| Vikrafell ehf. | 40.000.000 | 0 |
| Háskólasetur Vesfjarða | 150.000 | 150.000 |
| Námskjár ehf. | 250.000 | 250.000 |
| Kiðá ehf. | 600.000 | 0 |
| | 42.750.000 | 650.000 |

## 9. Vörubirgðir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Birgðir Kaffihús | 795.192 | 3.837.041 |
| | 795.192 | 3.837.041 |

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 89.920.706 | 72.927.420 |
| Varúðarniðurfærsla | (21.778.703) | (14.664.790) |
| | 68.142.003 | 58.262.630 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.096.582 | 1.453.559 |
| Fyrirframgreidd laun | 436.970 | 640.000 |
| Greiðslukort | 1.119.536 | 1.080.054 |
| | 2.653.088 | 3.244.976 |

**Kröfur á tengd félög**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Vikrafell ehf. | 6.567.712 | 4.672.312 |
| Selfell | 6.555.908 | 4.295.399 |
| Kiðá ehf. | 0 | 1.987.584 |
| | 13.123.620 | 10.955.295 |

Kröfur á tengd félög eru sýndar með varúðarniðurfærslu sem gerð hefur verið á þær. Nafnverð krafna á tengd félög er um 63. milljónir króna.

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður | 15.266.750 | 5.269.386 |
| Sjóður | 11.000 | 188.804 |
| | 15.277.750 | 5.458.190 |

## 11. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 66.451.583 |
| Nýtt stofnfé | 35.105.023 |
| Tap ársins | (17.142.050) |
| Eigið fé 31.12.2011 | 84.414.556 |

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur skuldbundið sig, að leggja til Háskólans á Bifröst nýtt stofnfé samtals að fjárhæð kr. 30.000.000,- sem greiðist með jöfnum greiðslum á árunum 2012, 2013 og 2014. Stofnféð hefur ekki verið fært í ársreikninginn.

## 12. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir í EUR | 30.714.381 | 34.371.289 |
| Skuldir í ISK | 327.209.988 | 221.918.526 |
| | 357.924.369 | 256.289.815 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (28.124.661) | (23.539.504) |
| Langtímaskuldir í árslok | 329.799.708 | 232.750.311 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 28.124.661 | 23.539.504 |
| Afborganir 2013 / 2012 | 17.335.245 | 20.250.973 |
| Afborganir 2014 / 2013 | 17.335.245 | 20.250.973 |
| Afborganir 2015 / 2014 | 17.335.245 | 18.118.932 |
| Afborganir 2016 / 2015 | 17.335.245 | 16.711.376 |
| Afborganir síðar | 260.458.728 | 157.418.057 |
| | 357.924.369 | 256.289.815 |

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 40.906.386 | 77.606.795 |
| | 40.906.386 | 77.606.795 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 152.658 | 0 |
| Ógreidd opinber gjöld | 0 | 1.307 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 10.553.653 | 50.945.610 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 5.584.506 | 7.770.455 |
| Innkaupakort | 753.907 | 266.666 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 855.000 | 406.000 |
| Aðrar skuldir | 830.241 | 875.093 |
| | 18.734.965 | 60.265.131 |

**Skuldir við tengd félög**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Kiðá ehf. | 13.951.375 | 0 |
| | 13.951.375 | 0 |

## 14. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 27. apríl 2012.